

Borgarráð

Starfshópur um áhættustýringu hjá Reykjavíkurborg

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um áhættustýringu hjá Reykjavíkurborg eru lögð fram til kynningar. Starfshópurinn er stofnaður til þess að vinna undirbúningsvinnu vegna mótnar tillagna að umgjörð áhættustýringar hjá Reykjavíkurborg og til að vinna að undirbúningi áhættustefnu fyrir Reykjavíkurborg í samræmi við ábendingar eftirlitsaðila.

Greinargerð:

Áhættustýring miðar að því að veita stjórnendum yfirsýn yfir helstu áhættuþætti í starfsemi borgarinnar og fyrirhuguð viðbrögð eða mótvægisáðgerðir á hverjum tíma. Hún er hluti af góðum stjórnarháttum á öllum stigum starfseminnar. Áhættustýring stuðlar m.a. að því að unnið sé eftir skilgreindum ferlum og í samræmi við lög og reglur í allri starfseminni, en þær áhættur sem stofnanir og fyrirtæki borgarinnar standa frammi fyrir eru af margvíslegum toga.

Mótun heildarumgjarðar um áhættustýringu (e. risk management framework) er verkefni á ábyrgð yfirstjórnar borgarinnar og borgarráðs/borgarstjórnar. Í því felst að móta heildstæða nálgun á áhættustýringu hjá Reykjavíkurborg og innleiða samræmda vinnuferla þar sem það á við. Það er t.a.m. á ábyrgð stjórnar að setja fram áhættustefnu sem skilgreini meginviðfangsefni áhættustýringar og hlutverk, ábyrgð og skyldur aðila stjórnsýslunnar við framkvæmd hennar. Verkefnið kallar á mikinn stuðning og þátttöku stjórnar og æðstu embættismanna borgarinnar, en þessir aðilar þurfa að taka þátt í að móta og samþykkja skipulag áhættustýringar.

Stefán Eiríksson
borgarritari

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi starfshóps um áhættustýringu hjá Reykjavíkurborg.

Erindisbréf

Starfshópur um áhættustýringu hjá Reykjavíkurborg

Inngangur:

Áhættustýring miðar að því að veita stjórnendum yfirsýn yfir helstu áhættuþætti í starfsemi borgarinnar og fyrirhuguð viðbrögð eða mótvægisáðgerðir á hverjum tíma. Hún er hluti af góðum stjórnarháttum á öllum stigum starfseminnar. Áhættustýring stuðlar m.a. að því að unnið sé eftir skilgreindum ferlum og í samræmi við lög og reglur í allri starfseminni, en þær áhættur sem stofnanir og fyrirtæki borgarinnar standa frammi fyrir eru af margvíslegum toga.

Mótun heildarumgjarðar um áhættustýringu (e. risk management framework) er verkefni á ábyrgð yfirstjórnar borgarinnar og borgarráðs/borgarstjórnar. Í því felst að móta heildstæða nálgun á áhættustýringu hjá Reykjavíkurborg og innleiða samræmda vinnuferla þar sem það á við. Það er t.a.m. á ábyrgð stjórnar að setja fram áhættustefnu sem skilgreini meginviðfangsefni áhættustýringar og hlutverk, ábyrgð og skyldur aðila stjórnsýslunnar við framkvæmd hennar. Verkefnið kallar á mikinn stuðning og þátttöku stjórnar og æðstu embættismanna borgarinnar, en þessir aðilar þurfa að taka þátt í að móta og samþykkja skipulag áhættustýringar.

Fyrsti áfangi þessarar vinnu hefst með skipan starfshóps um áhættustýringu hjá Reykjavíkurborg sem vinnur að framtillögum. Í framhaldinu verða fleiri fengnir að borðinu til að stuðla að breiðri skírskotun og samstöðu um verkefnið hjá fagsviðum og skrifstofum borgarinnar. Einnig verður á síðari stigum skipaður stýrihópur kjörinna fulltrúa sem mótar áhættustefnuna og getur í þeirri vinnu stuðst við þær niðurstöður starfshóps, eða eftir atvikum starfshópa, sem þá liggja fyrir.

Ábyrgðarmaður: Borgarritari

Hlutverk starfshóps:

Starfshópurinn er stofnaður til þess að vinna undirbúningsvinnu vegna mótnar tillagna að umgjörð áhættustýringar hjá Reykjavíkurborg og til að vinna að undirbúningi áhættustefnu fyrir Reykjavíkurborg í samræmi við ábendingar eftirlitsaðila.

Helstu verkefni:

- kortleggja stöðu áhættustýringar í borgarkerfinu og hvert upplýsingar um áhættuþætti berast
- greina samlegð og samþættingu við aðra innri ferla
- gera stöðumat sem nýtist síðar við mat á árangri verkefnis (t.d. könnun)
- taka afstöðu til aðferðafræði við áhættustýringu (skoða staðla og innlendar og erlendar fyrirmyndir)
- skilgreina umfang áhættustýringar
- setja fram tillögur að viðeigandi áhættusniði og móta sameiginleg viðmið um mat á áhættu
- skilgreina farveg og helstu afurðir áhættuskýrslna
- setja fram tillögur að hlutverki og ábyrgðarsviði þeirra sem koma að áhættustýringu
- vinna samantekt með tillögum sem nýtist m.a. við gerð áhættustefnu

Fulltrúar í starfshópi:

- Ingunn Þórðardóttir, verkefnastjóri á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara (formaður)
- Halldóra Káradóttir, skrifstofustjóri fjármálaskrifstofu
- Ólafur Sindri Helgason, deildarstjóri áhættumats fjármálaskrifstofu
- Þórhildur Ósk Halldórsdóttir, deildarstjóri tölfræði og greiningar
- Aðalbjörg Dís Guðjónsdóttir, skrifstofustjóri á skóla- og frístundasviði

Til ráðgjafar og samstarfs:

- Hallur Símonarson, innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar
- Aðrir aðilar innar borgarkerfis sem hafa sérþekkingu á viðfangefninu

Starfstími:

Starfshópurinn skili skýrslu til ábyrgðarmanns fyrir 10. mars 2018.

Reykjavík, [Dags.]

Stefán Eiríksson
borgarritari

DRÖG